

Mál nr. 398/2012
M
og
Vátryggingafélagið V vegna sjúklingatryggingar S

Meðferð hjá sjúkraþjálfara í kjölfar slits á krossbandi í hægri hné þ. Okt. 2008

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 10.9.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 27.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M krefst bóta úr sjúklingatryggingu sjúkraþjálfarans S og byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna rangrar sjúkraþjálfunarmeðferðar þegar krossband á hægri hné hans slitnaði og eigi hann rétt á bótum sbr. 1.tl.2.gr. sjúklingatryggingalaga nr. 111/2000. M lýsir því með hvaða hætti sjúkraþjálfunin hjá S var framkvæmd og hvaða áhrif hún hefði haft. Af hálfu M er á það bent að S hafi neitað að leggja fram afrit af þeim nótum eða gögnum sem kunna að vera til og varða meðferð M og hvað var gert í hverjum og einum sjúkraþjálfunartíma á þessu tímabili. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að eingöngu sé gerð krafa með vísan til 1.tl.2.gr. laga nr. 111/2000 og því umfjöllun V í samræmi við það. V segir að félagið hafi hafnað að láta af hendi skrifleg samskipti sín við vátryggingartakann S, en V veit ekki til þess að S hafi neitað M eða lögmanni hans um afrit af þeim gögnum sem S á um meðferðina sjálfa. Þá bendir V á að ekki hafi verið leitað álits annarra sjúkraþjálfara á því hvort að S hafi staðið rétt að meðferðinni eða ekki. V bendir á að ekkert bendi til að ekki hafi verið staðið rétt að endurhæfingu þannig að M hafi hlotið tjón af meðferðinni sjálfri og því ósannað að M hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni skv. lögum um sjúklingatryggingu.

Álit.

Í 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar segir m.a.: Að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika og í 1.mgr. segir. “Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði”

Miðað við ofangreint lagaákvæði sem M byggir kröfu sína á, þá er forsenda bótaskyldu í þessu tilviki að sýnt sé fram á tjón sem ætla megi að komast hefði mátt hjá samkvæmt nánari útfærslu eins og segir í 1.mgr. 2.gr. laganna sbr. hér að ofan. Í málinu liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um tjón M vegna sjúkraþjálfunar S og fyrir liggur að lögmanni hans hefur verið neitað um að fá mikilvæg gögn varðandi meðferðina. Þar sem M er í raun gert ókleyft að renna frekari stoðum undir kröfur sínar skv. 1.mgr. 2.gr. laga 111/2000 vegna neitunar V á að afhenda mikilvæg gögn í málinu verður ekki annað séð en sönnunarbyrðin fyrir því að M hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna rangrar meðferðar af hálfu S færist yfir á V. Í samræmi við það verður ekki séð að V hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að M eigi ekki rétt á bótum sbr. 1.mgr. 2.gr. laga nr. 111/2000. M á því rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V miðað við fyrirbyggjandi gögn og málatilbúnað í málinu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V.

Reykjavík 23.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.